

# KAUPSAMNINGUR UM HUND.

Neðangreindur seljandi og kaupandi hafa gert eftirfarandi samning um kaup á hundi.

Hundaræktarfélag Íslands.

Síðumúla 15, 108 Reykjavík

Sími: 5885255, Bréfs.: 5885269

Netfang: <http://www.hrfi.is>

## Hundur

Nafn		Ættb.nr.	
Tegund		Litur	
Augnskoðaður, hvenær síðast <input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei	Röntgenmyndun, Mjaðmamyndaður <input type="checkbox"/> Nei <input type="checkbox"/> Já	Niðurstaða: <input type="checkbox"/> Nei <input type="checkbox"/> Já	Olnbogamyndaður Niðurstaða: <input type="checkbox"/> Nei <input type="checkbox"/> Já
Heilbrigðisskoðaður (meðf. vottorð má ekki vera eldra en vikugamalt) <input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei		Dags.	Nafn dýralæknis
Bólusettur <input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei	Bólusettur gegn (vottorð fylgi með)		
Örmerktur/húðflúraður <input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei	Auðkenni (örmerki, húðflúr)		
Faðir Augnskoðaður, hvenær síðast <input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei	Röntgenmyndun, Mjaðmamyndaður <input type="checkbox"/> Nei <input type="checkbox"/> Já	Niðurstaða: <input type="checkbox"/> Nei <input type="checkbox"/> Já	Ættb.nr.
Móðir Augnskoðuð, hvenær síðast <input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei	Röntgenmyndun, Mjaðmamynduð <input type="checkbox"/> Nei <input type="checkbox"/> Já	Niðurstaða: <input type="checkbox"/> Nei <input type="checkbox"/> Já	Ættb.nr.

## Seljandi

Nafn	Kennitala	Sími
Heimili	Póstfang	

## Kaupandi

Nafn	Kennitala	Sími
Heimili	Póstfang	

## Afhending og greiðsluskilmálar

Hundurinn afhendist þann (Hvolp má ekki afhenda yngri en 8 vikna). Sjá nánar grein 3 á baksíðu.	
Kaupverð hunds	Greitt með peningum við undirskrift kaupsamnings
Þar af virðisaukaskattur:	Kr. Kvittun fyrir móttöku
Seljandinn skal afsala hundinum til kaupanda og afhenda ættbókarskírteini hans við efndir samnings þessa.	Eftirstöðvar kr. Greiðast við afhendingu hunds þann Þó í síðasta lagi þann

### Gæði og eiginleikar

Í samræmi við grein 1 á baksíðu samnings þessa, svo fremi sem annað sé ekki tekið fram í samningi þessum.

### Afpöntun

Sbr. grein 2 á baksíðu samnings þessa.

### Skilaréttur kaupanda vegna ofnæmis:

Já  Nei

Ef krossað er við já, á kaupandi rétt á að skila hundinum aftur, sbr. grein 4 á baksíðu samnings þessa.

### Skilaréttur kaupanda vegna annarra ástæðna:

Já  Nei

Ef krossað er við já, á kaupandinn rétt á að skila hundinum aftur, sbr. grein 5 á baksíðu samnings þessa.

### Skyldur kaupanda til takmarka tjón á hundinum vegna galla:

Sbr. grein 6 á baksíðu samnings þessa.

### Aðrir skilmálar (sbr. meðfylgjandi):

### Aðrir áskildir kostir (sbr. meðfylgjandi):

Undirskrift samningsaðila	Staður	dags.
	Seljandi	Kaupandi
Kvittun fyrir móttöku greiðslu	Staður	dags.
	Seljandi	

Eftirfarandi atriði gilda um kaupsamning þennan nema um annað sé samið:

## 1. Gæði og eiginleikar.

Seldur er hreinræktaður hundur af tiltekinni hundategund, ættbókarfærður hjá Hundaræktarfélag Íslands. Viðkomandi hundur er fyrst og fremst seldur sem heimilishundur. Að öðru leyti ábyrgist seljandi ekki líkamlegan þroska né frávík frá hefðbundnu útliti og líkamsbyggingu, svo fremi sem slíkt hefur ekki áhrif á heilbrigði hundsins eða notagildi sem heimilishunds.

## 2. Afpöntun.

Kaupandi hefur rétt til að afpanta hundinn til þess tíma er umsamin afhending fer fram. Í slíkum tilfellum getur seljandi krafist bóta vegna áfallins kostnaðar sem sannanlega hefur hlotist vegna afpöntunarinnar. Seljandi og kaupandi geta í tengslum við gerð kaupsamnings þessa samið sérstaklega um þá bótaupphæð sem seljandi á rétt á, verði ekki af kaupnum.

## 3. Afhending

Kaupandi skal sækja hund til seljanda, hafi ekki verið um annað samið. Þurfi seljandi að senda hundinn til kaupanda, greiðir kaupandi kostnaðinn við sendinguna. Hvolp má eigi afhenda fyrr en í fyrsta lagi átta vikna.

## 4. Skilaréttur kaupanda vegna ofnæmis.

Kaupanda er heimilt, í allt að þrjá mánuði frá afhendingu, að skila seljanda hundinum ef það kemur í ljós, að kaupanda er ómögulegt að halda hundinn vegna ofnæmis síns eða annarra heimilis-manna. Ofnæmið þarf að vera hægt að staðfesta með læknisvottorði. Sé hundinum skilað innan 2ja vikna frá afhendingu, endurgreiðist 80% af kaup-verði. Eigi skilin sér stað meira en 14 dögum, en minna en 3 mánuðum frá afhendingardegi, endur-greiðist 60% af kaupverði.

## 5. Skilaréttur kaupanda vegna annarra ástæðna.

Óski kaupandi eftir því að skila hundi af öðrum ástæðum en vegna ofnæmis sbr. 4. gr., skulu seljandi og kaupandi gera nýjan kaupsamning sín á milli.

Nái aðilar ekki samkomulagi um önnur efnisatriði kaupsamnings en þau, að kaupandi vilji skila hundi og seljandi er reiðubúinn að taka við honum, skulu að öðru leyti eftirfarandi skilmálar eiga við um samninginn:

Náist slíkt samkomulag innan 2ja vikna frá afhendingardegi endurgreiðast 80% af kaupverði, en séu meira en 2 vikur en minna en 3 mánuðir liðnir frá afhendingardegi hundsins endurgreiðast 60% af kaupverði. Séu liðnir meira en 3 mánuðir frá afhendingardegi, en minna en 6 mánuðir, endurgreiðast 40% af kaupverðinu, en 6 mánuðum og meira frá afhendingardegi, fellur endurgreiðsluréttur niður.

## 6. Skyldur kaupandans til að takmarka tjón sitt.

Kaupanda hunds er skylt að takmarka tjón sitt í þeim tilfellum sem hann hyggst krefja seljanda um skaðabætur vegna galla. Þurfi hundurinn kostnaðarsama dýralæknisþjónustu vegna gallans, skal kaupandi áður en meðferð hefst, leita samþykkis seljanda fyrir kostnaði. Þetta á þó ekki við, sé ástand hundsins þannig að meðferð þoli enga bið. Bætur vegna galla til seljanda geta aldrei orðið meiri en upprunalegt kaupverð hundsins.

## 7. Vottorð

Þar sem sérstök skilyrði gilda fyrir ættbókar-skráningu ákveðinna tegunda, s.s. um augnskoðun, mjaðmamyndatöku eða sýningareinkunn foreldra, skulu fullnægjandi vottorð um slíkt fylgja með ættbók hundsins.

## 8. Annað

Að öðru leyti gilda kaupalög nr. 39/1922 um samning þennan. Mál vegna samnings þessa má reka fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

# Hundaræktarfélag Íslands

## FÉLAG ALLRA HUNDEIGENDA

Til athugunar fyrir kaupendur/seljendur:

Samningur þessi miðast við kaup/sölu á heimilishundi. Ef kaupandi hvolps hefur hug á að sýna hundinn á ræktunarsýningum eða rækta undan honum, þurfa bæði eistu rakka að vera eðlileg og rétt staðsett. Að sama skapi þarf tannbit hundsins að vera rétt. Þessar kröfur eru að jafnaði umfram þær sem gerðar eru til heimilishunds eingöngu, sbr. grein 1 hér að ofan. Ef kaupandi skal eiga rétt til skaðabóta eða afsláttar af kaupverði vegna galla sem þessara, þarf að áskilja slíka kosti í samningnum. Æskilegt væri þá einnig að leysa úr því, hvernig með skuli fara, komi þessir gallar fram.

Kaupandi skyldi ætíð skoða hund vel áður en hann er keyptur og kynna sér hugsanlega erfðagalla tegundarinnar og heilbrigði foreldra og annarra forfeðra, sé þess kostur. Að sama skapi skal seljandi upplýsa kaupanda um þá galla á hundinum sem honum er kunnugt um og máli skipta fyrir kaupanda við ákvörðun um kaupin. Best væri að taka fram í samningi, að kaupanda sé kunnugt um slíka galla.

Athugið, að ekki er hægt að breyta nafni hunds í ættbók eftir útgáfu hennar.